

Kristið friðarstarf og friðarguðfræði

Kirkjur til móts við réttlátan frið!

Grein þessi hverfist um friðarstarf kristinna kirkna og nýjustu áherslur Alkirkjuráðsins í þeim efnum. Íslenska þjóðkirkjan stendur ekki á berangri hvað þennan málaflokk varðar heldur nýtur margvíslegs stuðnings og uppörvunar systurkirkna og kirknasamtaka sem hún tilheyrir. Friðaráherslur kristinnar kirkju á heimsvísu hafa þannig áhrif á guðfræðilega afstöðu og framgöngu íslensku þjóðkirkjunnar á þessu sviði sem mörgum öðrum. Í greininni verður kastljósinu beint að nýlegu framlagi Alkirkjuráðsins á sviði friðarmála. Sjónarhornið er aftursætt (e. *retrospective*) og verður unnið með heimildir frá Alkirkjuráðinu og Lútherska heimssambandinu sem saman eiga að sýna á hvaða vegferð hin alþjóðlegu kirknasamtök eru í þessum málaflokki. Til að glöggva sig á áherslum þeirra verður sjónum beint að eftirfarandi: Átaksverkefni Alkirkjuráðsins *Áratugur til að sigrast á ofbeldi: Kirkjur til móts við sátt og frið* (e. *Decade to Overcome Violence: Churches Seeking Reconciliation and Peace*),¹ en það verkefni stóð yfir á árabílinu 2001–2010, og svo guðfræðilegri „afurð“ átaksverkefnisins, ef svo má að orði komast, en þar er vísað til ritsins *Just Peace Companion* frá árinu 2012.²

Snúum okkur fyrst að því að gaumgæfa biblíulegar forsendur friðarguðfræði og friðarstarfs Alkirkjuráðsins. Friðarhugsjón kristinnar kirkju er ekki úr lausu lofti gripin heldur byggist hún á guðfræðilegri túlkun á merkingu lífs og starfs Jesú Krists hér á jörðu.³ Friður er mikilvægt biblíulegt hugtak sem vert er að staldra við en um aldir hefur kristið fólk litið svo á að eitt megineinkenni starfs Jesú í heiminum hafi verið að ráða niðurlögum illskunnar og skapa frið, samanber orð Páls postula í Rómverjabréfinu: „Lát ekki hið illa sigra þig en sigra þú illt með góðu“ (Róm 12.21). Lítum fyrst á eftirfarandi spurningu: Hvað merkir friður í Biblíunni og er friðarhugtakið eitt og hið sama í Gamla og Nýja testamentinu?⁴

¹ Á ensku kallaðist átaksverkefnið *Decade to Overcome Violence: Churches Seeking Reconciliation and Peace*. Upplýsingar um verkefnið voru sóttar 3. desember 2019 af slóðinni <https://www.who.int/violenceprevention/about/participants/WCC/en/>.

² Í tengslum við átaksverkefnið gaf Alkirkjuráðið út tvö fræðslurit um réttlátan frið sem styðja hvort við annað: Annars vegar er það *An Ecumenical Call to Just Peace*, sem er bæklingur frá 2011, og svo ritið *Just Peace Companion* frá 2012, sem hér er í brennidepli. Fyrra ritið má nálgast í heild sinni á Veraldarvefnum: sótt 20. október 2019 af http://www.overcomingviolence.org/fileadmin/dov/files/iepc/resour%C3%BAR%20%C3%ADslensku%20samhengis/ECJustPeace_English.pdf. Seinna ritið er hins vegar ítarlegra og er ekki birt í fullri útgáfu á Veraldarvefnum, heldur einungis kynnt þar: sótt 20. október 2019 af <https://www.oikoumene.org/en/resources/publications/just-peace-companion-second-edition>. Þar sem það er ekki í fullri útgáfu á Vefnum vísa ég til blaðsíðutals í prentuðu útgáfunni í því sem hér fer á eftir: *Just Peace Companion*, Genf: World Council of Churches, 2012.

³ John Howard Yoder, *Christian Attitudes to War, Peace, and Revolution*, ritstj. Theodore J. Koontz og Andy Alexis-Baker, Grand Rapids: Brazos Press, 2009.

⁴ *Just Peace Companion*, bls. 19–23.

Friðarhugtakið í Biblíunni: Guðfræðilegar forsendur friðarstarfs kristinna kirkna í heiminum

Hebreska hugtakið *shalom* er margrætt hugtak en inntak þess vísar til fullkomunar, heilbrigðis, velferðar eða friðar. Hugtakið tengist arameísku (e. *aramaic*) og akkadíanísku (e. *accadian*) orðunum *salamu* sem og arabíska orðinu *salaam* en öll vísa þau til þess að hafa gnægtir. Líkt og innan trúarhefðar íslams tengist *shalom* undirgefni við Guð ásamt þeirri hugmynd að allur friður sé upprunninn frá honum. Miskunnssamur og réttlátur Guð sé uppspretta friðarins. Dæmi um slíkan skilning má finna í 85. Davíðssálmi þar sem segir:

Lát oss, Drottinn, sjá miskunn þína og veit oss hjálpraði þitt. Ég vil hlýða á það sem Drottinn Guð talar. Hann talar frið til lýðs síns og til dýrkenda sinna og til þeirra er snúa hjarta sínu til hans. Hjálp hans er nálæg þeim er óttast hann svo að dýrd hans megi búa í landi voru. Elska og trúfesti mætast, réttlæti og friður kyssast. Trúfesti sprettur úr jörðinni og réttlæti horfir niður af himni. Þá gefur Drottinn gæði og landið afurðir. Réttlæti fer fyrir honum og friður fylgir skrefum hans. (v. 8–14)

Annað dæmi um innbyrðis tengsl friðar, trúfesti og réttlætis í Gamla testamentinu má finna í 54. kafla Jesajaritsins en þar er vísað til frásagnarinnar um sáttmála Guðs við Nóa eftir flóðið (1Mós 8.20...). Eftirfarandi orð eru lögð Guði í munn: „Mér virðist þetta vera eins og á dögum Nóa, ég sór þá að Nóaflóð kæmi ekki oftar yfir jörðina og sver nú að reiðast þér hvorki né ógna þér. Því að þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist mun kærleikur minn til þín ekki bifast og friðarsáttmáli minn ekki haggast, segir Drottinn sem miskunnar þér“ (v. 9–10).

En þótt víða sé talað um frið og friðarsáttmála Guðs í Gamla testamentinu þá var raunverulegur friður og réttlæti þó langt því frá að vera megineinkenni á lífi Ísraelsmanna. Spámennirnir Jeremía og Esekíel (og fleiri) gagnrýndu valdamenn landsins fyrir svik og ótrúmennsku við Drottin og komust þá t.d. þannig að orði að Guð hefði svipt fólkið friði sínum (Jer 16.5–6), eða að skelfingarástand ríkti þar sem menn leituðu friðar þar sem engan slíkan væri að finna (Esk 7.25). Spámennirnir vonuðust eftir nýjum konungi sem myndi frelsa þjóðina undan oki kúgaranna og boðuðu þá gjarnan endurreisn friðar Drottins. Þá endurreisn tengdu þeir ekki aðeins réttlæti og miskunnsemi til handa hinum fátæku og kúguðu heldur sáu þeir fyrir sér að allt sköpunarverkið myndi blómstra og njóta góðs af:

Guð, fel konungi dóma þína og konungssyni réttlæti þitt svo að hann dæmi lýðinn í réttlæti og þína þjáðu með sanngirni. Fjöllin beri þjóðinni frið og hæðirnar réttlæti. Hann láti hina þjáðu meðal þjóðarinnar ná rétti sínum og veiti hinum snauðu hjálp og kremji kúgarann. Þá mun hann lifa meðan sólin skín og tunglið ber birtu frá kyni til kyns. Hann falli sem regn á slægjuland, gróðrarskúr sem vætir landið. Um daga hans mun hinn réttláti blómstra og friður og farsæld uns tunglið er ekki frammar til. [...] Gnóttir korns verði í landinu, bylgist það á fjallatindunum. Verði afrakstur þess líkur Líbanonsskógi og spretti menn upp í borgum eins og gras á velli. Nafn hans vari að eilífu, megi nafn hans gróa meðan sólin skín, allar þjóðir jarðar óski sér blessunar með honum og segi hann sælan.

(Slm 72. 1–7, 16–17)

Draumsýn spámanna Gamla testamentisins snerist um ævarandi friðarástand, eilífan frið þar sem þjóðirnar hefðu snúið af braut hernaðar, stríðs og ofbeldis og þess í stað hafid að „smíða plóggjárn úr sverðum sínum og sniðla úr spjótum sínum“ (sbr. Mík 4.3; Jes 2.4). Vonarboðskapur spámanna snerist um friðarhöfðingjann sem spámaðurinn Jesaja kallar líka undraráðgjafa, guðhetju og eilífðarföður (Jes 9.5). „Mikill skal höfðingjadómurinn verða og friðurinn engan enda taka á hásæti Davíðs og í ríki hans“ er orðfæri Jesaja sem boðar lýðnum ljós í myrkrinu og mikinn fögnuð í kjöl-

farið. Þannig hverfist friður um réttlæti í samfélaginu, samanber orð höfundar Jesaja-ritsins: „Ávöxtur réttlætisins verður friður og afrakstur réttlætisins hvíld og öryggi um eilífð“ (Jes 32.17).

Þannig ímynduðu spámenn Gamla testamentisins sér umskiptin við komu friðarhöfðingjans, umskipti sem hefðu víðtæk áhrif á samfélagið í heild sinni. Friðurinn yrði sem yfirvald og réttlætið sem yfirboðari og ofbeldi myndi enginn framur kannast við. Upp rynni eilífðarsól og tungl sem aldrei minnkaði, samanber orð Jesaja: „Því að Drottinn verður þér eilíft ljós og sorgardagar þínir á enda (Jes 32.20).

Lítum því næst til nokkurra texta Nýja testamentisins en við nánari skoðun kemur í ljós að þar birtist mjög áþekkur friðarskilningur og lýst var hér að framan. Friður er tjáður með gríska hugtakinu *eirene* en það hugtak kemur meðal annars fyrir í upphafs-kveðjum bréfa Páls: „Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi“ (Róm 1.7; 1Kor 1.3; 2Kor 1.2; Gal 1.3; Ef 1.2; Fil 1.2; Kól 1.2).⁵ Sama hugtak er notað í guðspjöllunum, til dæmis í kveðjunni „friður sé með þér“ (Lúk 10.5; Jóh 20.19) og „far þú í friði“ (Mrk 5.34; Lúk 7.50). Í öllum tilvikum er augljóslega verið að óska fólki velfarnaðar og jafnframt er tjáð sú sannfæring að friður sé gjöf og blessun frá Guði. Ég tek nú nokkur dæmi úr Nýja testamentinu þar sem friðarhugtakið kemur fyrir.

Í fæðingarfrásögn Lúkasarguðspjalls eru viðbrögð englanna við fæðingu Jesú tjáð með þessum orðum: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum“ (Lúk 2.14). Svipuð viðbrögð við komu Jesú, á leið hans til Jerúsalem, má finna annars staðar í sama guðspjalli: „Blessaður sé konungurinn sem kemur í nafni Drottins. Friður á himni og dýrð í hæstum hæðum!“ (Lúk 19.38). Þá hefur Fjallræðan einatt verið túlkuð sem nokkurs konar „friðarstefnuskrá“ guðsríkisins (Lúk 5.38–48) en í sæluboðunum blessar Jesús friðflytjendurnar „því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða“ (Matt 5.9) og heitir þeim sem ofsóttir séu fyrir réttlætis sakir gleði og fögnuði (v. 12). Í Fjallræðunni opnast þannig alveg nýr skilningur sem gengur út á það að það sé ekki hinir sterku og vígreifu sem hljóti blessun Jesú heldur fremur hinir veiku, hógværu og miskunnsömu.

Mörg fleiri dæmi mætti tína til þar sem höfundar bréfa Nýja testamentisins beita friðarhugtakinu *eirene*. Eitt þeirra er í bréfinu til Efesusmanna þar sem talað er um Jesú sem „frið okkar“ (Ef 2.14). Í sama kafla er sagt um Jesú að hann hafi með dauða sínum deytt fjandskapinn og boðað frið, bæði þeim sem nálægir voru og fjarlægir (v. 16–17). Í bréfi Páls til Filippímanna má finna þekktu „friðarformúlu“ sem flest kristið fólk kannast við: „Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú“ (Fil 4.7). Þannig veitir Jesús friði Guðs yfir til lærisveinanna líkt og fljót sem flæðir yfir bakka sína: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður“ (Jóh 14.27). Friði Jesú má því líkja við virkt afl sem hinir kristnu eftirfylgjendur trúðu að gæti umbreytt og yfirunnið fjandskap og illsku í heiminum, sbr. orð Páls í Efesusbréfinu: „Því að hann er friður okkar. Hann gerði heiðingja og Ísraelsmenn að einum, hann reif niður vegginn sem skildi þá að, fjandskapinn milli þeirra“ (Ef 2.14). Af þessum dæmum má sjá að það var algeng túlkun hinna kristnu

⁵ Friðarkveðja af þessu tagi kemur fyrir í öllum bréfum Nýja testamentisins, með órlitlum tilbrigðum þó. Í þeim bréfum sem hér eru tilgreind er hún alls staðar eins.

á frumkristnum tíma að líta svo á að Jesús hefði með dauða sínum og upprisu yfirunnið ofbeldi heimsins og gert það mögulegt fyrir alla sem trúðu á hann að sættast við óvini sína. Friður Jesú var þannig raunverulegt og virkt breytingarafi í heiminum.

Fleiri dæmi um friðarhugtakið í Biblíunni hefði vissulega mátt tína til og gera þannig enn meira úr biblíulegum grundvelli friðarskilnings og friðarstarfs Alkirkjuráðsins. Greinarhöfundur telur þessi dæmi þó vera fullnægjandi og snýr sér næst að því að gera grein fyrir átaksverkefni Alkirkjuráðsins 2001–2010 með áherslu á aðkomu íslensku þjóðkirkjunnar.

Átaksverkefni Alkirkjuráðsins 2001–2010

Um þessar mundir eru liðnir rétt um tveir áratugir síðan Alkirkjuráðið hleypti af stokkunum tíu ára átaksverkefni sem helgað var baráttunni gegn ofbeldi og fyrir friðarmenningu.⁶ Þetta verkefni sem nefndist *Áratugur til að sigrast á ofbeldi: Kirkjur til móts við sátt og frið* (2001–2010) átti sér samhljóm í vinnu Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi á svipuðum tíma⁷ ásamt því að byggjast á reynslu Alkirkjuráðsins af öðru átaksverkefni áratuginn næst þar á undan. Þar er ég að vísa til verkefnisins *Kirkjan stýður konur* (1988–1998).⁸ Þekking og skilningur Alkirkjuráðsins á ofbeldi, orsökum þess, afleiðingum og útbreiðslu hafði vissulega byggst upp á löngum tíma enda áhersla á friðarmál fylgt starfi ráðsins frá upphafi.⁹ Í kringum aldamótin síðustu var þó uppi ákveðin staða sem átti mikinn þátt í að einmitt þetta átaksverkefni varð fyrir valinu.¹⁰

Fyrst verður sjónum beint að vinnuskjali Alkirkjuráðsins, „A Basic Framework for the Decade to Overcome Violence“, frá 3. september 1999 en í því birtast m.a. markmið verkefnisins ásamt leiðbeiningum fyrir kirkjurnar á vegferð þeirra til móts við sátt og frið.¹¹ Í inngangi þess skjals er lögð á það áhersla að þungi verkefnisins liggja á orðinu „overcome“ fremur en orðinu „violence“. Hvað sem því líður verður ekki hjá því komist að ígrunda skilning Alkirkjuráðsins á fyrirbærinu ofbeldi til að öðlast betri skilning á verkefninu í heild. Alkirkjuráðið einblíndi ekki á hið líkamlega ofbeldi einvörðungu heldur gerði sér ljósa grein fyrir fleiri þáttum þess og víddum.

⁶ *Echoes: Justice, Peace and Creation News* nr. 18/2000, sótt 22. september 2019 af <http://www.wcc-coe.org/wcc/what/jpc/echoes/echoes-18-00.html>. (*Echoes* er rit sem Alkirkjuráðið á og notar til að miðla fréttum af málefnum sem varða réttlæti, frið og sköpunarverkið, eftir því sem segir á vefsíðu ráðsins.)

⁷ „International Decade for a Culture of Peace and Non-Violence for the Children of the World (2001–2010)“, sótt 15. október 2019 af <https://www.un.org/en/sections/observances/international-decades/>.

⁸ Upplýsingar um átaksverkefnið *Kirkjan stýður konur*, sótt 3. desember 2019 af <https://www.oikoumene.org/en/press-centre/events/20th-anniversary-of-ecumenical-decade-of-the-churches-in-solidarity-with-women>. Á síðasta áratug tuttugustu aldar var unnið mikið „kvennastarf“ á vegum Sameinuðu þjóðanna og svipað má segja um kirknasamtökin Alkirkjuráðið og Lútherska heimssambandið. Árið 1995 fór fram heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Peking þar sem málefni kvenna voru í brennidepli og þung áhersla lögð á að uppræta kynbundið ofbeldi. Á þessum tíma var kvennaáratugur Alkirkjuráðsins, *Kirkjan stýður konur*, í fullum gangi. Líkt og Sameinuðu þjóðirnar lagði Alkirkjuráðið ríka áherslu á að uppræta allar gerðir kynbundins ofbeldis og undirstrikaði í því sambandi mannréttindi og mannlega reisu kvenna.

⁹ Hér nægir að vísa til orða fjölmargra fulltrúa Alkirkjuráðsins í ræðu og riti á vefsíðu ráðsins, þar sem þeir vísa til þess að Alkirkjuráðið sé andsvar kristinna kirkna við ófriði og stríði í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar, sett á laggir sama ár og Sameinuðu þjóðirnar, árið 1948. Margot Kässmann og forseti samtakanna, Olav Fykse Tveit, sem vitnað verður til síðar í greininni, leggja bæði áherslu á að samtökin séu friðarsamtök og meginviðfangsefni þeirra sé að stuðla að friði í heiminum.

¹⁰ *Kirkjan mótmalir ofbeldi gegn konum: Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna*, þýð. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, Reykjavík: Þjóðkirkjan/Skálholtsútgáfan, 2003. Upprunalegur útgefandi var Lútherska heimssambandið árið 2002.

¹¹ „A Basic Framework for the Decade to Overcome Violence“ (3. september 1999), sótt 4. desember 2019 af <https://www.oikoumene.org/en/resources/documents/commissions/international-affairs/peace-and-disarmament/peace-concerns/a-basic-framework-for-the-decade-to-overcome-violence>.

Sú birtingarmynd ofbeldis sem flestum er tamast að hugsa um er líkamlegt og persónulegt ofbeldi. Málið er þó flóknara en svo, því að ofbeldi fær stuðning bæði af samfélagsgerð og kvenfjandsamlegri menningu. Hugtakið menningarbundið ofbeldi er mörgum torskilið en með því er átt við djúpstæð viðhorf sem stuðla að því að konur og karlar sitja ekki við sama borð í samfélaginu. Konur hafa um aldir búið við líkamlegt og kerfislægt ofbeldi sem útilokar þær frá áhrifum og völdum og eitt af því sem viðheldur því er menningin. Alkirkjuráðið gerir sér grein fyrir þessu flækjustigi og hvetur í skrifum sínum til fræðilegrar þekkingarleitara hvað það varðar. Alkirkjuráðið, eitt og sér, segist þess ekki umkomið að koma neinu til leiðar á þessu sviði. Styrkur þess hins vegar sé reynsla af mörgum fyrri verkefnum á sviði friðar- og réttlætismála og með því að hagnýta hana geti það verið farvegur þekkingar og tengsla milli kirkna og fjölda annarra friðarhópa í samfélaginu. Lítum nú nánar á leiðbeiningarnar sem kirkjurnar fengu í hendur frá Alkirkjuráðinu í því augnamiði að umbreyta samfélagi og kirkju í heiminum og beina þeim inn á veg friðar og sátta.¹²

Í fyrsta lagi var lögð áhersla á að nálgunin þyrfti að vera breiðvirk og heildstæð en í því fólst að skoða skyldi allt ofbeldi ofan í grunninn. Hvatt var til þess að kirkjurnar hagnýttu sér fyrirliggjandi fræðilegar greiningar og kenningar fræðimanna á sviði ofbeldismála og notuðu þær á uppbyggilegan hátt til að stuðla að friði.

Önnur áhersla var á því að kirkjurnar skyldu leitast við að yfirvinna anda ofbeldis, sem kæmi fram í margs konar „skynsamlegum röksemdum“. Hluti af því væri að afneita sérhverri guðfræðilegri réttlætingu ofbeldis og játast þess í stað anda sáttagjörðar og virkrar friðarhyggju.

Þriðja áherslan var að endurskapa þyrfti skilning á hvað felst í hugtakinu öryggi en kjarni þess hugtaks, að mati Alkirkjuráðsins, hverfist um samvinnu og samfélag.

Fjórða atriðið sem nefna má sneri að því að leitast við að læra af reynslu friðarhópa sem unnið hafa víðs vegar um heiminn að uppbyggingu samfélaga eftir ófriðartíma og stríðsátök.

Nú vaknar spurningin: Hvernig var verkefnið upp byggt? Hvaða lykla eða leiðarhnoða fengu kirkjurnar í hendur áður en lagt var af stað? Svárið við þeirri spurningu er að Alkirkjuráðið gaf kirkjunum á vissan hátt mjög lausan taum í þeim efnum og lagði í raun áherslu á að engin nálgun væri sú eina rétta heldur mætti hún verða jafn margvísleg og þörf væri á. Aðalatriðið væri að hún væri sniðin að aðstæðum á vettvangi. Ef árangur ætti að nást yrðu kirkjurnar að finna sína eigin rödd, sína eigin leið og gera það sem þær gætu, miðað við efni og aðstæður.

Alkirkjuráðið skipti síðan tíu ára tímabilinu fyrst í tvennt (2001–2005 og 2006–2010) og síðan í fimm tveggja ára tímabil þar sem vinna á vettvangi, greining gagna og ályktanir skyldu renna eftir ákveðnum fyrirfram mótuðum farvegi. Þekkingu sem skapaðist á tímabilinu skyldi loks komið á framfæri á lokaráðstefnu ráðsins árið 2010.

Vissulega var búinn til hugmyndbanki til um möguleg verkefni. Nokkur dæmi um þau má nefna hér en listinn er alls ekki tæmandi. Í fyrsta lagði var mikil áhersla lögð á guðfræðilega vinnu fræðimanna um ofbeldi og frið, t.d. í tengslum við mannréttindaorðræðu. Í öðru lagi var hvatt til þess að trúarlegir leshópar ígrunduðu ofbeldi á biblíulegum grunni. Þá hvatti ráðið til samvinnu af fjölskrúðugum toga þar sem ólíkir hópar tækju sig saman um að gera ofbeldið í samfélaginu sýnilegt og skapa gagnrýna

¹² Sama heimild, bls. 23–32.

umræðu um það. Bent var á margar leiðir til að deila sögum og reynslu og skapa samstöðu og frið. Menntun og fræðsla fyrir unga og aldna um ofbeldi og frið var einnig ofarlega á blaði og það sama má segja um mikilvægi þess að taka umræðuna alla leið inn í kirkjurýmið, inn í sjálfa messuna og helgihaldið.

Að lokum, hvaða birtingarmyndir ofbeldis lagði Alkirkjuráðið til að kirkjurnar réðust til atlögu við og reyndu að sigrast á? Ekkert eitt svar er við þessu, eins og vænta mátti, heldur var vísað til menningar, samfélagsgerðar og einkasviðsins jöfnum höndum. Sem dæmi má nefna: ofbeldi á heimilum, ofbeldi meðal ungs fólks, ofbeldi innan veggja kirkjunnar, kynferðislegt ofbeldi, ofbeldi sem tengist trúarlegum og menningarlegum siðum, ofbeldi gegn náttúrunni og sköpunarverkinu og hvers kyns ofbeldi sem byggist á kynþáttahyggju og hatri.¹³ Sem dæmi um nokkrar, ákveðnar uppástungur að viðráðanlegum verkefnum fyrir kirkjurnar til að sigrast á ofbeldinu var bent á að efna til umræðu innan kirkjunnar um kynjahlutverk, stigveldi, feðraveldi, vald og vanmat á konum; halda leiðtoganámskeið fyrir konur, huga að jafnrétti í öllum starfsáætlunum, samþykktum, reglugerðum og leiðbeiningum kirkjunnar, efna til umræðu um karlmennsku og nýjar karlfyrirmyndir, setja á laggir biblíuleshópa og efla umræðu út frá kvenfrelsis sjónarmiðum, gagnrýnu sjónarhorni á hjónabandið, kynlífið og nauðgun.¹⁴ Hugum þá næst að aðkomu íslensku þjóðkirkjunnar að verkefni Alkirkjuráðsins *Áratugur gegn ofbeldi*.

Aðkoma íslensku þjóðkirkjunnar að átaksverkefni Alkirkjuráðsins 2001–2010

Íslenska þjóðkirkjan tók þátt í átaksverkefni Alkirkjuráðsins *Áratugur gegn ofbeldi*. Biskup Íslands skipaði starfshóp sem beindi sjónum að ofbeldi gegn konum og börnum sérstaklega en sú ákvörðun byggðist að verulegu leyti á því að fyrir lá fræðsluefni um það sérstaka vandamál sem Lútherska heimssambandið hafði útbúið.¹⁵ Sólveig Anna Bóasdóttir sem átti sæti í starfshópnum skrifaði grein í *Kirkjuritið* síðla árs 2002 þar var átaksverkefnið var kynnt. Fram kom í skrifum Sólveigar að þrennt væri mikilvægast frá sjónarhóli Alkirkjuráðsins varðandi framkvæmd verkefnisins: Í fyrsta lagi að sporna gegn sjálfu ofbeldinu með öllu mögulegu móti, í öðru lagi að öðlast dýpri þekkingu á margslungnum birtingarmyndum, orsökum og afleiðingum ofbeldis og í þriðja lagi að skoða verkefnið sem hluta af friðarstarfi kirkjunnar. Hvað síðasta atriðið snerti skrifaði Sólveig: „Áratugurinn beinir því til kirknanna að þær leiti friðar í brotnum heimi. Áratugurinn vill leiða kirkjurnar gegnum feril sjálfskoðunar og hvetur þær til að nota kraft sköpunargáfunnar til að kljást við „rök“ ofbeldisins ásamt hinum ýmsu birtingarmyndum þess.“¹⁶

Prestum í öllum prófastsdæmum landsins bauðst fræðsla árið 2002¹⁷ og bæklingurinn *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum: Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna* var þýddur og sendur til allra sókna landsins.¹⁸ Lítum nánar á þennan bækling Lútherska heimsambandsins (LH) og ígrundum þann skilning á verkefninu sem þar kemur fram.

¹³ Sama heimild.

¹⁴ Sama heimild.

¹⁵ Í starfshópnum voru: Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, Benedikt Jóhannsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Arnfríður Guðmundsdóttir.

¹⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Áratugur gegn ofbeldi 2001–2010“, *Kirkjuritið* 3/2002, bls. 4–8, hér 4.

¹⁷ Öll prófastsdæmin nema eitt þáðu fræðsluna sem Sólveig Anna hafði veg og vanda af.

¹⁸ *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum*, sjá nmgr. 10.

Aðalatriðið í bæklingnum snerist um vitundarvakningu eða það að opna augu fólks fyrir ofbeldi karla gegn konum. Fyrsta stig vitundarvakningarinnar gekk út á að kirkjurnar settu málefnið á dagskrá í samfélaginu en fyrir tuttugu árum var það langt því frá sjálfsagt umræðuefni. Ofbeldi innan fjölskyldunnar hafði um aldir verið meðhöndlað sem einkamál þeirra sem í hlut áttu en með því að fjalla um það tjáðu kirkjurnar breytta afstöðu. Ofbeldisskilningurinn sem við blasir í bæklingnum er sá sami og hjá Alkirkjuráðinu: Ofbeldi karla gegn konum á sér djúpar rætur í menningu feðraveldisins og það þarf að uppræta hvar sem það fyrirfinnst. Það er réttlætismál og verkefni samfélagsins að gera það. Í bæklingi LH var afstaða Alkirkjuráðsins „þykkt“ með því að bæta því við að ofbeldið væri hluti af syndinni í heiminum. „Syndin snýr fólki frá Guði og leiðir það til syndsamlegra athafna gegn öðru fólki, eins og valdniðslu, misþyrminga og ofbeldis“, segir í upphafi fyrsta kafla bæklingins¹⁹ en með því er þeim mannskilningi komið á framfæri að manneskjan sé bæði réttlætt og syndug og lífi í brotnum heimi. Hluti af þeim veruleika sé viljaleysi og vanmáttur kirkjunnar til að snúast gegn ofbeldi karla gegn konum.

Syndarskilning LH má ekki túlka sem lamandi boðskap. Hvað sem áhrifum syndarinnar líður er sú trú til staðar að hægt sé að sigrast á ofbeldinu en til þess þurfi að ráðast gegn arfleifð feðraveldisins og stuðla að samstöðu með málstað kvenna í samfélaginu. Orðræðan um syndina í bæklingnum er þannig jöfnum höndum dæmandi og uppbyggilegur vonarboðskapur. Það að kirkjan hafi um aldir litið framhjá vandanum er ekki ástæða til uppgjafar, þvert á móti. Ný þekking og ný nálgun undir áhrifum kvannahreyfingarinnar gefur von um að réttlæti og friður megi sigra að lokum.

Annað skref vitundarvakningarinnar, eins og túlka má bæklinginn, var að styrkja fólk og styðja til þess að horfast í augu við hinn óþægilega sannleika ofbeldisins, greina ólíkar birtingarmyndir ofbeldis í nærsamfélaginu og viðurkenna þær. Það er þó vitanlega ekki fullnægjandi. Ekki er nóg að fræðast um vandamálið og eiga góðar samræður — aðgerðir eru nauðsynlegar til að sigrast á ofbeldinu. En hverjar áttu þær að vera? Vonir höfunda bæklingins stóðu augljóslega til þess að fólk, hvers vitund hefur verið vakin, væri í stakk búið að virkja hina nýju þekkingu, taka höndum saman við aðra einstaklinga og hópa og finna úrræði til að aðstoða þolendur ofbeldis. Mestur þungi var settur á samstöðu með þolandanum og breytni í þeirra þágu. Í því sambandi var vísað til ritningarinnar, ekki síst til breytni Jesú gagnvart Samverjanum sem varð fyrir ofbeldi.

Priscilla Singh tengdi umræðuna um konur sem þolendur við trú, synd, frið, sátt og mennsku. Samfélagið verður að einkennast af sátt og friði, skrifar hún, annars fær það ekki staðist. Kirkjan, sem samfélag trúaðra, gangi gegn ofbeldinu á þeim forsendum en líka þeim að mynd Guðs sé að finna í hverri konu. Jesús stóð með konum, áréttaði hún, og var þannig fyrirmynd okkar allra. Trú, virðingu og jafnrétti þiggi allt kristið fólk jafnt í skírninni sem gjöf.

Vegna þess að náð Guðs réttlætir okkur fyrir trú þá þýðir það að hvorki karlar né konur skuli útilokuð eða niðurlægð í nafni feðraveldis eða stigveldis. Þess vegna lítur kirkjan á ofbeldi gegn konum sem synd gegn lífinu sem þarf að nefna og fordæma þar sem ofbeldi vanhelgar mynd Guðs í manneskjunni sem verður fyrir því, hvort sem það er kona, karl, stúlka eða drengur.²⁰

¹⁹ Sama rit, bls. 14.

²⁰ Sama rit, bls. 11.

Litið til baka: Tvær tímamótaráður

Mikilvægt er að horfa til baka og leggja mat á „árangur“ átaksverkefna eins og þess sem hér hefur verið til umfjöllunar. Það hafa fulltrúar Alkirkjuráðsins að sjálfsgöðu gert á ákveðnum tímamótum og verður sjónum nú beint að hátíðarræðum tveggja fulltrúa ráðsins, annars vegar árið 2011 og hins vegar árið 2018.

Fyrri ræðuna hélt Margot Käsmann, fyrrverandi biskup í evangelísk-lúthersku þýsku kirkjunni, og flutti á hátíðarráðstefnu Alkirkjuráðsins árið 2011, ári eftir að átakanu lauk.²¹ Käsmann hóf mál sitt á að ítreka að allt starf átaksáratugarins væri samofið kjarna Alkirkjuráðsins sem hefði frá upphafi sinnt málefnum friðar og sáttar í heiminum. Kirkja sem brygðist ekki við óréttlæti, ofbeldi og ófriði í heiminum væri ekki kirkja Jesú Krists.

Käsmann ítrekaði síðan biblíulegan grundvöll kristins friðarskilnings með fjölda dæma. Það gerði hún á gagnrýninn hátt, án þess að sneiða fram hjá erfiðum frásögnum Gamla testamentisins sem birta okkur ofbeldisfullan og hefnigjarnan Guð. Þessum hluta hefðarinnar sagði hún að mætti ekki afneita heldur yrði að horfast í augu við hann og viðurkenna sem hluta trúarhefðarinnar. Samtímis mætti ekki gleyma því að þetta er ekki einhlítt; allt annars konar boðskapur bergmálaði víðast hvar í ritum Gamla testamentisins og sá boðskapur undirstrikaði gildi friðar, réttlætis og sáttargjörðar. Eitt dæmi um það sótti hún í Aðra Mósebók, kafla 1.15-22, þar sem segir frá hebresku ljósmæðrunum, Sifru og Púu, sem óhlýðnuðust boði sjálfs Egyptalandskonungs þegar þær höfnuðu því að taka þátt í því að deyða nýfædd sveinbörn. Þannig, ítrekaði Käsmann, getum við sem einstaklingar enn í dag boðið ofbeldinu birginn og ögrað óréttlátu valdi og valdakerfi með því að nota útsjónarsemi okkar og hugmyndaauðgi.

Undir lok ræðu sinnar spurði Käsmann hvort einhver teikn væru á lofti um að friðsamari heimur hefði orðið til á tímabilinu sem verkefni Alkirkjuráðsins var starfrækt og svaraði með trega að svo væri ekki. Ástæðan væri hið svokallaða „stríð gegn hryðjuverkum“ sem hefði því miður haft neikvæð áhrif á allt friðarstarf í heiminum. Í stað þess að leitast við að sigra hið illa með góðu hefði hefndarreglan „með illu skal illt út reka“ verið við lýði allt of víða síðastliðinn áratug. Þrátt fyrir þá bitru staðreynd var engan uppgjafartón að finna í ræðu Käsmann heldur boðaði hún ótrauð áframhald á friðarstarfi kirknanna undir stjórn Alkirkjuráðsins. Aðeins væri til ein tegund hins sanna friðar og það væri réttlátur friður. Slíkur friður skapaðist ekki af sjálfu sér heldur aðeins með sameiginlegu átaki sem kristið fólk um alla jörð tæki virkan þátt í. Yrði sú draumsýn að veruleika, myndi átak Alkirkjuráðsins ekki líða undir lok þótt áratuginn hefði runnið sitt skeið á enda heldur yrði til nýtt upphaf. Baráttan gegn ofbeldi væri ferill fremur en einstakur viðburður. Käsmann klykkti út með þessum orðum:

²¹ „Overcoming Violence“, 18. maí 2011, sótt 20. október 2019 af <http://www.overcomingviolence.org/en/resources-dov/wcc-resources/documents/presentations-speeches-messages/iepc-address-by-margot-kaessmann.html>.

Við þörfnumst skýrrar guðfræðilegrar sannfæringar um að ofbeldi verði aldrei réttlætt með því að vísa til trúarlegra hefða. Það eru um tveir milljarðar kristins fólks í heiminum og ef það fólk sameinast í baráttunni fyrir réttlæti og friði og þorir að eiga sér draum um heim án ofbeldis, þá mun það hafa mikil áhrif. Friður sé með ykkur!²²

Síðari tímamótaráðuna, sem ég vel að kalla svo, flutti forseti ráðsins, Olav Fykse Tveit, á ráðgjafafingi Alkirkjuráðsins 2. október 2018. Yfirskrift þingsins var „Kynjaréttlæti: Mikilvægur þáttur í vegferð kirknanna til móts við réttlæti og frið“ en þessi titill vísaði til átaksverkefnisins *Kirkjan styður konur* (1988—1998) sem fyrr hefur verið nefnt en árið 2018 voru þrjátíu ár liðin frá því að það var sett á laggir. Þrjátíu ár eru merk tímamót, sagði Fykse Tveit og líkti vegferð kirknasamtakanna við pílagrímsgöngu þar sem markmiðið væri réttlátara samfélag, friður og jafnrétti kynjanna. Fykse Tveit leit yfir farinn veg og harmaði að það skyldi hafa tekið fjörutíu ár (1948–1988) þar til farið var að líta á kynjaréttlæti sem fullgilt og verðugt verkefni innan Alkirkjuráðsins en vitneskjuna um mikilvægi þessa málefnis og baráttuna fyrir henni þakkaði hann fyrst og fremst fjölda kvenna sem hefðu starfað innan samtakanna.²³

Eitt af því sem Fykse Tveit lagði áherslu á í ræðu sinni voru tengslin milli Sameinuðu þjóðanna og Alkirkjuráðsins. Allt frá upphafi stofnunar þessara samtaka 1948 hafi þessar stofnanir fylgst að í baráttunni fyrir réttlátara og friðsamari heimi. Á sjötíu ára afmæli þessara tveggja alþjóðlegu stofnana væri því mikilvægt að spyrja hvert leiðin liggi og hver brýnustu verkefni séu. Sem svar við eigin spurningu taldi Fykse Tveit síðan upp fjölda brýnna málefna, auk þess að nefna fjölda jaðarsettra hópa um víða veröld. Verkefni væru óteljandi því að ofbeldið og óréttlætið væri ólýsanlega mikið. Eitt af því sem viðhéldi slíku ófremdarástandi á heimsvísu væru túlkanir á biblíulegum og trúarlegum textum, þ.e. margs konar trúarleg réttlætning ofbeldis sem notuð væri til þess að skapa „eitradar“ hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Þessu væri brýnt að umbreyta og sagði Fykse Tveit Alkirkjuráðið þess albúið að halda áfram að leggja sitt af mörkum til þeirrar baráttu.

Hér lýkur umfjöllun um megináherslur og helstu stef átaksverkefnis Alkirkjuráðsins *Áratugur til að sigrast á ofbeldi* sem stóð yfir á árabílinu 2001–2010. Síðari hluti greinarinnar hverfist um það sem kalla má afurð þessa verkefnis en það eru tvö rit sem innihalda guðfræðilegan og biblíulegan grundvöll áframhaldandi friðarstarfs kirknanna í heiminum.

Samkirkjulegt ákall um réttlátan frið

Mikilvæga afurð átaksverkefnis Alkirkjuráðsins *Áratugur til að sigrast á ofbeldi* má finna í nýlegu efni sem ráðið gaf út, *An Ecumenical Call to Just Peace* (2011)²⁴ og *Just Peace Companion* (2012).²⁵ Þessi rit má skoða annars vegar sem hagnýtar leiðbeiningar sem stutt geti við friðarstarf kirknanna og hins vegar sem vel ígrundaðan, guðfræðilegan

²² Sama heimild. Þýðing höfundar.

²³ Fjörutíu ár eru táknað í þessu sambandi og enginn vafi er á að Fykse Tveit vísar þarna í eyðimerkurgöngu Ísraelslýðs — sem tók fjörutíu ár. Alkirkjuráðið var stofnað 1948, eins og áður hefur komið fram, og það var ekki fyrr en fjörutíu árum síðar (1988) að ákveðið var að setja á laggir átaksverkefni sem beindist að því að efla stöðu kvenna um allan heim.

²⁴ Bæklinginn *An Ecumenical Call to Just Peace* frá árinu 2011 má finna í heild sinni á Veraldarvefnum, sjá nmgr. 2. Þetta rit má skoðast sem hagnýtar leiðbeiningar í stuttri útgáfu.

²⁵ Ritid *Just Peace Companion* frá árinu 2012 er ekki aðgengilegt í heild sinni á Veraldarvefnum. Það er fræðilegra og lengra en bæklingurinn frá 2011 og mun því verða stuðst við það í prentaðri útgáfu í umfjölluninni hér á eftir (sjá nmgr. 2).

rökstuðning fyrir því að vikið sé af braut kirknanna þar sem hefðin eða kenningin um réttlátt stríð hefur verið viðurkennd um aldir.

Réttlætingu stríðs má finna allt aftur til tíma Forn-Grikkja, s.s. í skrifum heimspek- inganna Platóns, Síserós, Ágústínusar kirkjuföður, Tómasar frá Akvínó, Immanúels Kant og margra fleiri. Ágústínus skrifaði vissulega aldrei kerfisbundið um réttlátt stríð en þrátt fyrir það áttu hugmyndir hans eftir að mynda grunninn að því sem hefur, samkvæmt hefð um réttlátt stríð, verið sett fram sem skilyrði þess að fara megi í stríð. Þau skilyrði eru af þrennum toga: að réttmæt yfirvöld taki ákvörðunina um það, að réttmæt ástæða sé til staðar til að hefja stríð og að réttmæt markmið fyrir- hugaðs stríðs séu fyrir hendi. Þessi þrjú klassísku skilyrði hafa að mestu haldið sér óbreytt fram á þennan dag þótt rökin fyrir sumum þeirra hafi breyst nokkuð í tímans rás. Tvenns konar skilyrði til viðbótar hafa bæst við á langri leið en þau eru að stríð sé alltaf síðasta úrræðið í deilu og að viðeigandi hlutfall milli ávinnings og skaða af völdum þess sé til staðar.²⁶

Sú staða er nú uppi að Alkirkjuráðið hefur valið að hafna alfarið hinni aldagömlu heimspeki- og trúarhefð sem réttlætir stríð og stríðsrekstur. Niðurstaða átaksverkefn- isins *Áratugur til að sigrast á ofbeldi*, sem hefur verið til umfjöllunar hér, er róttæk friðar- stefna í sinni hreinustu mynd. Þessa stefnubreytingu kynnir ritið *Just Peace Companion* í ítarlegu máli og mun ég nú leitast við að gera grein fyrir nokkrum meginstefum ritsins ásamt því að benda á mannskilning þann sem birtist í texta ritsins. Lítum fyrst á inngangsorð ritsins þar sem segir:

Að þeim takmörkunum gefnum sem tunga og skynsemi setja okkur er það skilningur okkar að réttlátur friður geti orðið að veruleika þegar við í sameiningu leitumst við að frelsa einstaklinga frá ótta og skorti, sigrumst á fjandskap, mismunun og kúgun og vinnum að því að byggja réttlát tengsl milli fólks þar sem reynsla þeirra sem höllustum fæti standa og virðing fyrir þeim, ásamt friðhelgi sköpunarverksins, er höfð að leiðarljósi.²⁷

Í þessum orðum birtist í hnotskurn guðfræði pílagrímsferðalags Alkirkjuráðsins áratuginn 2001–2010 en hún tengist greinilega áherslum frelsunarguðfræðinnar sem setur þarfir hinna fátæku, hrelldu og kúguðu framar öðrum. Við það bætist svo kúguð jörðin sem stynur undan álagi loftslagsbreytinga. Pílagrímsferðarlíkingin í guðfræði- legri orðræðu er sigild en hér tengist hún umræðunni um réttlátan frið í nýlegum skrifum Alkirkjuráðsins. Aðalatriði í þessu sambandi er að ferðalag kirknanna vísar til hreyfingar fremur en kyrrstöðu. Ferillinn undirstrikar áframhald þar sem kirkjurnar eru samferða á göngunni til móts við það sem Guð vill með mann og heim. Engum dylst að ferðalagið er og verður erfitt og margar hindranir munu mæta kirkjunum á vegferð þeirra. Það útskýrir hvers vegna Alkirkjuráðið leggur svo mikla áherslu á að kirkjurnar ferðist saman og veiti hver annarri stuðning. Örlæti, gestrisni og seigla eru vegvísar á ferðinni þar sem kirkjurnar bjóða öllum sem vilja að gerast friðflytjendur í anda Jesú Krists að slást í hópinn.²⁸

Eins og þau Margot Kässmann og Olav Fykse Tveit ítrekuðu í ræðum sínum hér að framan hefur hugsjónin um frið verið virkt leiðarljós starfs Alkirkjuráðsins frá

²⁶ Gunnar Ragnar Jónsson, Hvernárinngrip af manúdarástæðum og hið réttláta stríð: Má leggja hvernárinngrip af manúdarástæðum við mælikvarða hins réttláta stríðs? Ritgerð til B.A.-prófs í guðfræði, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, september 2010, bls. 9–12, sótt 13. desember 2019 af <https://skemman.is/bitstream/1946/6137/1/BAgrjL.pdf>.

²⁷ *Just Peace Companion*, bls. 4. Þýðing höfundar.

²⁸ Sama rit, bls. 6.

upphafi þess. Það kemur víða fram í textanum í *Just Peace Companion* en tengsl friðar og réttlætis ná enn lengra aftur. Samkirkjulega hreyfingin, sem er sá jarðvegur sem Alkirkjuráðið sprettur úr, var einnig virkt í friðarstarfi fyrir um eitt hundrað árum síðan. Kjarni friðarhugtaksins grundvallaðist þó ætíð á túlkun kirkjunnar á ákveðnum ritningarstöðum í Biblíunni. Kirkjan sem samfélag þeirra sem trúa á Guð tekur virkan þátt í starfi hans hér á jörð en það starf snýst um að sigrast á hinu illa í veröldinni og skapa frið. Með tilvísun til friðarkirknanna²⁹ sem svo kallast lýsa höfundar *Just Peace Companion* því síðan yfir að friður sé hið rétta og sanna verkefni kirkjunnar hér á jörð og klykkja út með eftirfarandi orðum: „Ef kirkjurnar eiga að þjóna markmiði Guðs um að vera tákni og verkfæri Guðs vilja og fylgja markmiði hans á jörðinni, þá þýðir það að þær eru kallaðar til verka í þjónustu réttláts friðar.“³⁰

Enn eina guðfræðilega réttlætingu tengingarinnar milli friðar og réttlætis má finna í *Just Peace Companion* en þá er unnið með hugmyndina um ákall Guðs og virkt andsvar manna. Guð er sagður ávarpa kirkjuna og við því ávarpi þurfi kirkjan að bregðast af trúfesti og réttlæti. Mikilvægt í þessu samhengi sé að þróa næmi til að túlka „tákn tímanna“ (sbr. Matt 16.3) og breyta í samræmi við þau tákn. Mikilvægt sé að fylgjast með breytingum, hvort sem það eru tæknibreytingar eða loftslagsbreytingar. Eitt tímanna tákn nú um stundir segir Alkirkjuráðið að séu bylgjur flóttamanna og innflytjenda að ströndum Vesturlanda en ófriður og alls konar óáran séu meðal ástæðna þess að fólkið neyðist til að flýja heimkynni sín. Við þessu vandamáli þurfi kirkjurnar að bregðast með viðeigandi hætti. Jafnframt þessu leggur Alkirkjuráðið líka áherslu á fyrirbyggjandi friðaraðgerðir. Að bregðast við ófriðnum og ofbeldinu sé nauðsynlegt en líklega enn mikilvægara að reyna að koma í veg fyrir þær hörmungar sem reki fólk af stað. Það gerist með því að tengja réttlæti og frið í öllu samfélagslegu starfi kirknanna. Friður byggist á réttlæti og réttlæti krefst friðar. „Grundvallaratriði í öllum tilraunum til að koma í veg fyrir ofbeldi er þrotlaus vinna í þágu réttlætis innan samfélagsins jafnt sem á milli samfélaga.“³¹

Framganga kirknanna í heiminum snýst því um að verja lífið, friðinn og réttlætið og birtist í því að standa vörð um mannhelgi, mannréttindi, jafnrétti og réttlát tengsl innan samfélagsins. Allur þunginn liggur á umbreytingunni sem þarf að eiga sér stað, hreyfingunni frá ofbeldinu og ófriðnum til réttláts friðar. Til þess að sú umbreyting geti orðið þarf að leggja mikið á sig. Kirkjan þarf að setja sig inn í aðstæður og sjónarmið ólíkra aðila og varast að ganga á náttúruverðmæti og spilla þeim því að verkefni umbreytingarinnar tekur til mun fleiri þátta en að miðla málum og ná samkomulagi og sanngjörnu uppgjöri andstæðra hópa. Í hnotskurn er markmiðið að byggja upp friðarmenningu í réttlátum og sjálfbærum samfélögum.³²

Fjögur stef eru sérstaklega til umfjöllunar í tengslum við að skapa frið: friður innan samfélagsins, friður á jörðu, friður í viðskiptalífinu og friður milli þjóða. Í öllum tilvikum er nálgunin sú að hlusta þurfi á frásagnir fólks af kúgun, óréttlæti og ofbeldi og spegla þær síðan í frásögnum Biblíunnar. Ætíð skal fylgja friðarvegi Jesú og því fordæmi sem hann setur kirkjunni. Gildi þessarar nálgunar snýst um að kirkjurnar læri og öðlist meðvitund og næmi fyrir ofbeldinu, horfist í augu við raunveruleikann,

²⁹ Með hugtakinu friðarkirkjur er oftast átt við kvekara, mennoníta og bræðrakirkjunnar en þessar kirkjur hafa frá upphafi stofnunar þeirra boðað að friður sé meginverkefni þeirra.

³⁰ *Just Peace Companion*, bls. 24–28.

³¹ Sama rit, bls. 32–43.

³² Sama rit, bls. 45.

víki sér ekki undan ábyrgð sinni heldur leitist við að bregðast við á réttlátan hátt. Í hnotskurn er markmiðið alltaf það sama: að umbreyta átökum og ofbeldi, hvar sem slíkt fyrirfinnst í heiminum, og stuðla að friðarmenningu í réttlátum og sjálfbærum samfélögum.

Fyrir sjö árum, þegar *Just Peace Companion* kom út, hafði þekkingin á loftslagsbreytingunum og afleiðingum þeirra stóraukist meðal kirknanna og hugtök eins og loftslagsréttlæti, vatnsréttlæti og vistréttlæti voru nýkomin fram á sjónarsviðið. Þau eru öll hagnýtt hér. Með þau hugtök sér til fulltingis eru yfirgangur og ofbeldi vestrænna ríkja gagnvart sköpunarverki Guðs, jörðinni, gagnrýnd. Þróun vestrænna iðnríkja er sögð vera rangnefni oft og tíðum, réttara væri að tala um vanþróun og afturför. Alkirkjuráðið brýnir kirkjurnar til að hverfa af háskalegri braut ofneyslu og býður þeim að líta til framkomu frumbyggja í garð jarðarinnar víða um heiminn. Réttlættingin fyrir ofbeldisfullri framkomu vestrænna ríkja gagnvart náttúrunni hafi á stundum verið trúarlega réttlætt en við þeirri afstöðu er brugðist með eftirfarandi orðum: „Of lengi hefur kristin kenning gert of mikið úr gildi þess að maðurinn sé kóróna sköpunarverks Guðs með það hlutverk að ráða yfir kröftum jarðarinnar“.³³

Eitt af því sem er nýtt í friðarboðskap Alkirkjuráðsins, eins og hann blasir við í *Just Peace Companion*, er sú hugmynd að tíminn sé fullnaður og nú sé rétti tíminn til að semja frið við jörðina. Til þess að svo geti orðið þarf maðurinn þó að sættast við stöðu sína sem jafningi dýra og annarra lífvera á jörðinni. Mannskilningur ritsins *Just Peace Companion* er bæði klassískur og nýstárlegur. Hið hefðbundna í honum má rekja til hefðbundins syndarskilnings kirkjunnar. Synd mannsins er niðurbriótandi og hamlandi afl á vegferðinni til móts við réttlátan frið. Meðal þess sem aftrar mannum að vinna góð og rétt verk, samkvæmt *Just Peace Companion*, er skortur á trúartrausti og ímyndunarafli. Auk ýmissa ranghugmynda telja höfundar ritsins að oft sé hefðbundinni hugmyndafræði kaldastríðstímans um að kenna, sérstaklega þeirri að aðeins tveir kostir komi til greina ef ekki takist að leysa ágreining: ofbeldi eða uppgjöf. Þetta telur Alkirkjuráðið mjög villandi afstöðu. Reynsla kirkjunnar af friðarstarfi sýni allt annað, en fæstum sé þó kunnugt um aðkomu kirknanna við að binda endi á ofbeldi og átök í sögunni.³⁴ Í *Just Peace Companion* eru nefnd fjölmörg nýleg dæmi um friðarstarf kirkna þar sem fundnar hafa verið nýstárlegar lausnir á langvarandi ofbeldisástandi. Þessu vilja höfundar *Just Peace Companion* halda til haga án þess þó að hreykja sér af því.³⁵

Síðasta stefið sem fjallað verður um í tengslum við texta *Just Peace Companion* varðar friðaruppeldi og ábyrgð kirknanna í því sambandi. Alkirkjuráðið lýsir því yfir að friðarmenntun og friðaruppeldi sé órjúfanlegur hluti alls starfs kirknanna. Friðaruppeldi í túlkun ráðsins er ferill, líkt og allt annað friðarstarf, og hverfist um mótun vanans fremur en einhliða þekkingarfræðilega yfirfærslu. Í aristótelískum, dyggðasiðfræðilegum anda lítur Alkirkjuráðið svo á að friðaruppeldi snúist um mótun persónuleikans, hugans og hjartans og bætir við að friðaruppeldi sé hið sanna markmið hagnýtrar guðfræði. Friðarboðskapurinn sé þess megnuður að „kveikja í“ fólki og í mörgum tilvikum stuðli hann að því að einstaklingar finni hjá sér þörf til að taka við friðarkyndlinum af forverum sínum og bera hann áfram um stund. Hér, eins og

³³ Sama rit, bls. 62.

³⁴ Sama rit, bls. 70–86.

³⁵ Sama rit, bls. 100–111.

jafnan, skín kristinn mannskilningur í gegn. Manneskjan er ófullkomin og fær um bæði gott og illt. Öllu skiptir að móta hana til góðra verka og sú mótun gerir það mögulegt að sigrast á hinu illa í heiminum.³⁶

Umræða og ályktanir

Í þessari grein hefur friðarstarf kristinna kirkna undir forystu Alkirkjuráðsins verið til umræðu en til að varpa ljósi á helstu áherslur þess starfs var sjónum beint að átaksverkefni ráðsins (2001–2010) *Áratugur til að sigrast á ofbeldi: Kirkjur til móts við sátt og frið*, sem og ritið *Réttlátur friður* sem gefinn var út að verkefninu loknu (2012).

Það blasir við að kristið friðarstarf eigi sér biblíulegar forsendur. Með öðrum orðum þá byggist allt friðarstarf á guðfræðilegri túlkun þekktra texta í Gamla og Nýja testamentinu. *Sshalom*, eða friður, í Gamla testamentinu vísar til Guðs sem uppsprettu friðar og réttlætis. Guð er réttlátur og miskunnsamur og þeir eiginleikar yfirfærast á hugmyndina um frið í samfélaginu. Draumsýn spámanna Gamla testamentisins beindist að eilífum friði en það er ástand þegar þjóðirnar hafa snúið af braut hernaðar, stríðs og ofbeldis og beint fótum sínum á friðarveg í staðinn. Friðarhugtakið í Nýja testamentinu tjáir sams konar hugmynd. *Eirene* táknar gjöf og blessun Guðs og í sælubodunum blessar Jesús þá sem flytja frið og kallar þá börn Guðs. Páll postuli kallar hins vegar Jesús „frið okkar“ en sú yfirlýsing vísar til sannfæringar hans um að Jesús hafi með dauða sínum yfirunnið allan ófrið heimsins og skapað eilífan frið.

Þegar skoðuð eru margvísleg skjöl frá Alkirkjuráðinu sem tengjast markmiðum og framkvæmd átaksverkefnisins *Áratugur til að sigrast á ofbeldi* sést að vandað hefur verið til verka. Alkirkjuráðið býr að miklum mannauði sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sviði ofbeldis- og friðarmála. Ofbeldi er flókið fyrirbæri og hægt er að nálgast það ýmist þröngt eða vítt. Með því að tengja saman menningarbundið, kerfislegt og einstaklingsbundið ofbeldi lagði Alkirkjuráðið upp með breiðvirka og heildstæða nálgun að vandamálinu. Jafnframt var það lagt í hendur viðkomandi kirkna hvernig þær vildu nálgast vandann á sínu svæði. Skilaboðin voru að leiðirnar væru margar og kirkjurnar yrðu sjálfar að feta þær slóðir sem þær teldu sér færar.

Útfærslan hér á landi mótaðist af þessu. Hér var ekki völ á sérhæfðu starfsfólki né státar íslenska þjóðkirkjan af miklu ríkidæmi til að fjármagna kostnaðarsöm verkefni. Það var því hagkvæmt að styðjast við þegar útgefið efni frá LH þar sem áherslan var lögð á ofbeldi karla gegn konum. Stefnan var sett á að fræða sóknarpresta í öllum prófastsdæmum landsins og vonir bundnar við að aukin þekking þeirra á ofbeldi skilaði sér út í safnaðarstarfið með ýmsu móti.

Þegar litið er til baka má spyrja hversu vel þessi leið hafi heppnast. Má ætla að fræðsla af þessu tagi hafi yfirleitt skilað einhverjum árangri? Minnug ályktana þeirra Kässmann og Fykse Tweits í tímamótaræðunum hér að framan er eins gott að vera hóflega bjartsýn(n) á það. Augljóslega er hæpið að vænta beins og áþreifanlegs árangurs í tengslum við stutt fræðsluverkefni af þessu tagi. Í því sambandi má minna á að meginmarkmið fræðslunnar var hófsamt og gekk út á að vekja fólk til vitundar um vandann. Vitundarvakning er ferill, fremur en skyndileg umbreytandi hugljómun og samsvarandi verk. Að vakna til vitundar um eitthvað merkir því ekki endilega

³⁶ Sama rit, bls. 113–114.

tafarlausa umbreytingu heldur þarf vitundin tíma til að þroskast. Mikilvægara en að líta til skjótra viðbragða er þol og úthald. Með Guðs hjálp kemur vöxturinn á réttum tíma.

Í huga greinarhöfundar gekk fræðsluátakið hér á landi fyrst og fremst út á að sá fræjum. Málið var sett á dagskrá en útfærslan skilin eftir í höndum einstakra aðila, presta og safnaða. Ekki er ólíklegt að sums staðar hafi fræðslan fallið í grýtta jörð en annars staðar hafi frjósamari jarðvegur verið fyrir hendi. Hvað sem því líður, er óumdeilanlegt að nú, tæpum tuttugu árum eftir að áttakinu var hrundið af stað, hefur orðið breyting til hins betra innan kirkjunnar, sem með góðum vilja má rekja til átaksverkefnisins 2002. Samfara auknum skilningi í samfélaginu fyrir tilstilli fjölda aðila hafa fræin sem þá var sáð átt sinn þátt í að auka skilning á málefnum. Einkum hefur skapast dýpri skilningur á aðstæðum og þörfum þolenda og hefur kirkjan komið sér upp ákveðnum verkferlum hvað varðar að mæta þolendum. Gerendur og þarfir þeirra hafa hins vegar setið eftir og við blasir að kirkjan þurfi að vinna mun meira á þeim vettvangi á komandi tímum.

Að lokum má velta fyrir sér áhrifamætti ákalls Alkirkjuráðsins varðandi réttlátan frið. Hvaða máli skiptir guðfræðin sem tjáð er í riti ráðsins frá 2012 þegar allt kemur til alls? Svarið er: Hún skiptir öllu máli. Án guðfræðilegrar og biblíulegrar röksemdafærslu *Just Peace Companion* væri friðarstarf kristinna kirkna eins og „hljómandi málmur eða hvellandi bjalla“ (1Kor 13.1). Róttæk friðarstefna kirknanna gengur út á að ætíð skuli unnið eftir friðsamlegum leiðum að því að sigrast á ranglæti, ofbeldi, mismunun og kúgun í samfélaginu. Friðarstarf líkist atferli pílagrímsins. Leiðin getur verið grýtt og ferðalagið því áskorun. Mikilvægast er að vera ekki einn á ferð heldur slást í hóp með öðrum sem eru á sömu leið. Samfélag og samstaða er leiðarljós hér. Þessa kjarnmiklu guðfræði þarf að meðhöndla og umbreyta í námsefni sem hæfir bæði yngri og eldri börnum. Áhrifaríkari friðarforvarnir er vart hægt að hugsa sér. Verkefni kirkjunnar liggur fyrst og fremst á þessu sviði. Frið þarf að kenna í barna- og unglingastarfi kirkjunnar. Það er ekki einstakt átaksverkefni heldur eilíft því að eins og segir í *Just Peace Companion* þá er friður hið sanna og rétta verkefni kirkjunnar hér á jörð.